

4.fundur skólaráðs þann 20.01.2016.kl. 8:10 í fundarherbergi.

Skólaráð skipa eftirtaldir fulltrúar skólaárið 2015-2016. (Mættir fulltrúar eru feitletraðir).

Arnheiður Helgadóttir, grenndarfulltrúi, Þórður Ingi Bjarnason, fulltrúi foreldra, Guðrún Hallgrímsdóttir, fulltrúi foreldra, Margrét Brynhildur Gunnarsdóttir, fulltrúi kennara, Elín Þráinsdóttir, fulltrúi annars starfsfólks, Andrea Mist Viggósdóttir, fulltrúi nemenda, Raket Sigmarsdóttir, fulltrúi nemenda, Hrönn Bergþórsdóttir, skólastjóri (veik), Anna Kristín Jóhannesdóttir aðstoðarskólastjóri og Anna María Skúladóttir aðstoðarskólastjóri.

Dagskrá

- **Heimasíða Víðistaðaskólans.** Farið var yfir heimasíðu skólans, sýndir voru flettluggarnir undir hverjum þætti og bent á helstu upplýsingar sem hægt er að fá á síðunni.
- **Skólapúlsinn.** Farið var yfir niðurstöður síðustu nemendakönnunar. Skólinn er oftast rétt við meðaltalið og á góðri siglingu upp á við í flestum þáttum. Sérstaklega var farið í ánægju nemenda af lestri, ánægju af náttúrufræði, tíðni eineltis, hreyfing, agi í tímum, mikilvægi heimavinnu í náminu og lesin voru nokkur opin svör. Foreldrar voru ánægðir með átak skólans í lestri og þá sérstaklega hvað varðar unglिंगadeild. Einnig var komið inn á þá breytingu að ef nemendur í unglिंगadeild eru veikir á prófdegi þá munu þau taka upptökupróf þegar þau koma aftur.
- **Starfið framundan:**
 - Við erum að klára námsmatið í skólanum þessa dagana.
 - Verið er að vinna í A-D kvarðanum fyrir 10.bekk í Hafnarfirði og eru deildarstjórar unglिंगdeilda í vinnuhóp að vinna að þessu verkefni.
 - Foreldradagur verður 2. febrúar.
- **Önnur mál.**
 - Spurt var hvort einhverjir væru ábyrgðaraðilar á Moodle svæðinu innan skólans, því það þyrfti að fela það sem er gamalt því það er svo mikið efni þarna inni. Bent var á að nota Moodle meira í kennslunni því þetta er frábært kerfi.

Fleira ekki rætt, fundi slitið 8.55..

Ritari Anna María Skúladóttir